



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Alþingi og stjórnkerfi þjóðveldisaldar

Ritgerð til B.A.-prófs

Maryna Ivchenko

Maí 2011

Háskóli Íslands
Hugvísindadeild
Íslenska sem annað mál

Alþingi og stjórnkerfi þjóðveldisaldar

Ritgerð til B.A.-prófs

Maryna Ivchenko

Kt.: 260485-3429

Leiðbeinandi: Gunnar Þór Bjarnason

Maí 2011

Ágrip

Í þessari ritgerð er fjallað um Alþingi á þjóðveldisöld, aðdragandann að stofnun þingsins, stjórnskipun Íslands til forna og þróun hennar frá landnámi og til loka þjóðveldisins. Einnig er sagt frá goðum og goðorðum ásamt löggjafarvaldinu, dómsvaldinu og skiptingu landsins í fjórðunga og fjórðungsdóma. Stuðst er við ritheimildir og rannsóknir fræðimanna um sögu Íslands til forna. Ritgerðin skiptist í sjö kafla þar sem hver kafli fjallar um ákveðinn þátt í sögu Alþingis á þjóðveldisöld. Ítarlega er fjallað um þau völd sem goðar höfðu á Íslandi á þessum tíma og hvernig þau völd sem þeir höfðu urðu í raun til þess að þjóðveldið leið undir lok og Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd. Í lok ritgerðarinnar er ítarlega sagt frá Gamla sáttmála.

Á Íslandi var í fyrstu ekkert heildstætt stjórnkerfi og engin bein fyrirmynd um hvernig ætti að stjórna landinu. Samt sem áður ákváðu menn að setja lög og stofna Alþingi. Fólki sem til Íslands kom vildi breytingar og nýtt líf. Ritgerðin reynir að skýra hvernig hið nýja stjórnkerfi virkaði og segir jafnframt sögu einstakra manna sem áttu stóran þátt í mótun Íslands og Alþingis á þjóðveldisöld.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	4
Efnisyfirlit	5
Inngangur	6
Aðdragandi að stofnun Alþingis.....	8
Stofnun Alþingis.....	10
Goðar, þingmenn og goðorð.....	14
Löggjafarvaldið og lögsögumaður	16
Alþingi og dómsvaldið	19
Refsingar	22
Gamli sáttmáli	24
Lokaorð	29
Heimildaskrá	31

Inngangur

Sagan segir að þegar þegar Haralds Hárfagra konungs höfðu fengið nóg af ofríki og skattheimtu hans í Noregi fóru þeir að streyma til lítillar eyju norður í Atlantshafi. Þá höfðu borist sögur af landi sem Flóki Vilgerðarson hafði kallað Ísland. Þegar fleiri sögur af landinu fóru að berast til Noregs eftir landnám Ingólfs Arnarsonar fóru landnámsferðir hingað til lands að verða tíðar. Þeir fyrstu sem hingað komu tóku sér stórt land og má því segja að setningin „fyrstur kemur fyrstur fær“ hafi verið kjörorð í landnáminu. Mestur hluti alls landsins var numinn á aðeins fimm árum og segja Íslendingasögur að þetta hafi gerst einhverntíma á árunum 885 til ársins 900 og til sögunnar eru nefndir einir 400 landsnámsmenn samkvæmt Landnámu.

Eftir misheppnaða tilraun Haraldar Hárfagra til að leggja Noreg undir sig kemur hingað til lands maður ættaður frá Hörðalandi í Noregi en hann sest síðan að í Lóni. Þessi maður hefur líklega ekki gert sér í hugarlund um það hversu mikil áhrif hann átti eftir að hafa á þessu litla ný numda landi.

Þau áhrif sem ég er að tala um eru þau að hann skuli hafa komið hingað til lands með fyrstu lög landsins sem síðan urðu til þess að Alþingi var sett hérna á Íslandi. En það var ekki bara Úlfjlótur sem hafði mikil áhrif á sögu Íslands. Það voru landnámsmennirnir Flóki, Ingólfur og Hjörleifur og einnig menn sem höfðu goðorð og notuðu þau til að móta löggjöf Íslands til forna.

Í þessari ritgerð mun ég segja frá sögu og reyna að útskýra starfsemi Alþingis á þjóðveldisöld og fylgi ég þróun Alþingis og stjórnskipunar Íslands allt til tíma Gamla sáttmála.

Í fyrsta kafla ritgerðarinnar segi ég frá aðdraganda þess að Alþingi var stofnað og þeim þingum sem vitað er um að haldin voru hér á landi áður en Alþingi var stofnað. Fjallað verður um áhrif Gulapingslaganna á lög Úlfjlóts, stofnun Alþingis og afhverju Þingvellir urðu fyrir valinu sem þingstaður? Goðar, goðorð og þingmenn eiga sinn eigin kafla og reyni ég að útskýra hvert verksvið goðanna var. Hvað var goðorð og hvernig fékk maður goðorð? Löggjafarvaldinu sjálfu og lögsögumönnum eru gerð skil í fjórða kaflanum. Sagt er frá verksviði lögsögumanns og valdi hans bæði utan og innan Alþingis. Í fimmta kaflanum segi ég frá vorþingum og fjórðungþingunum og fer nánar út í dómsstörf Alþingis. Ég segi síðan

frá refsingum í sjötta kaflanum. Lokakafli þessarar ritgerðar fjallar síðan um Gamla sáttmála og þann óróa sem var í landinu á síðustu árum þjóðveldisins.

Heimildir eru fengnar úr mörgum áttum en mest er stuðst við rit Sigurðar Líndal, Sigurðar Nordal og Boga Th. Melsteð.

Aðdragandi að stofnun Alþingis

Landnámsmennirnir á Íslandi höfðu verið lengi í víking áður en þeir komu til Íslands, þeir höfðu líklega árum saman legið í hernaði og farið um lönd með ránum og lifað af ránum. Þeir höfðu höggvið saklausa menn jafnt og seka ásamt því að selja og þrælka menn. Þeir tóku ófrjálsum höndum konur og svívirtu þær og gerðu þær síðan að ambáttum sínum. Hnefaréttur voru lög þeirra en öxin og sverðið voru framkvæmdavaldið. Ef ágreiningur varð á milli manna voru það mjög oft vopnin sem töluðu.

En sem betur fer voru ekki allir landnámsmennirnir jafn ofsafengnir og skapbráðir. Þórólfur Mostrarskegg er einn af nokkrum þekktum landnámsmönnum sem reyndu að stilla til friðar frekar en að nota hnefaréttinn. Þórólfur hefur líklega þekkt hið svokallaða Gulapíng í Noregi og varð honum ljóst að hlutverk þinga var meðal annars að dæma í málum manna. Þórólfur reisti sér bæ og hof að Hofsstöðum en Hofstaðir þessir eru við Breiðafjörð og Hvammsfjörð. Þórólfur Mostrarskegg var þá einn hinna fyrstu sem héldu þing á Íslandi. Þórólfur kallaði saman menn úr Breiðafirði og Hvammsfirði og setti þing og kallaðist það héraðsþing en svo er það nefnt bæði í Eyrbyggju og Landnámu vegna þess að þetta var eingöngu þing í héraði/sýslu. Þórsnesþing er það hinsvegar kallað á mjög mörgum stöðum. Líklegt er talið að þetta hafi verið í kringum árið 895. Þing þetta var dómþing og voru þar eingöngu dæmd mál manna en líklega réð Þórólfur mestu um dómana en hann átti víst að hafa verið mikill skörungur. Þórólfur dó síðan árið 918.¹

Kjalarnesþing er annað þing sem var á Íslandi en það var sett fyrst árið 905 af Þorsteini Ingólfssyni en líklegt er talið að Þorsteinn hafi horft til Þórsnesþings hvað fyrirmynd Kjalarnesþings varðar.² Ari Fróði skrifar í Íslendingabók:

áður var þing á Kjalarnesi, það er Þorsteinn Ingólfssonur landnámsmanns, faðir Þorkels mána lögsögumanns, hafði þar, og höfðingjar þeir, er að því hurfu.³

Þessi tvö þing eru einu þingin sem fornritin geta um að sett hafi verið á Íslandi fyrir setningu Alþingis. Þó er eiginlega ómögulegt að segja til um að þingin hafi ekki verið fleiri.

Ef menn höfðu ekki þing og menn létu ekki vopnin skera úr um ágreiningsefni þá reyndi annaðhvort annar málsaðilinn að fá að ráða öllu einn eða að báðir aðilar fengu einhverja aðra

¹ Bogi. Th. Melsteð. 1916, bls. 85.

² Sigurður Nordal. 1942, bls. 108.

³ Bogi. Th. Melsteð. 1916, bls. 85-86.

menn til að leysa úr ágreiningnum nú eða að haldnir voru sérstakir sáttafundir milli viðkomandi aðila. En oft voru mál leyst eftir venjum sem menn höfðu áður þurft að búa við, svo sem venjum frá Noregi.

Þegar mest allt Ísland var numið og mannfjöldinn óx tóku landsmenn að finna fyrir því að þeir höfðu engin sameiginleg lög, dóm né þing. Hinum vitrustu mönnum varð það þá ljóst að svoleiðis gæti þetta ekki verið til lengdar og fór það síðan svo að Úlfljótur landnámsmaður í Lóni fór til Noregs til að taka saman lög handa landsmönnum.⁴

⁴ Bogi. Th. Melsteð. 1916, bls. 83-92.

Stofnun Alþingis

Árið 924 er Úlfljótur sendur af nokkrum höfðingjum landsins til Noregs. Greinilegt er að Úlfljótur naut mikillar virðingar þrátt fyrir að hann væri ekki í hópi helstu höfðingja landsins en hann var landnámsmaður sem bjó á Austurlandi. Úlfljótur dvaldi í Noregi í 3 ár og vann með móðurbróður sínum, Þorleifi hinum spaka Hörða-Kárasyni en hann var talinn manna vitrastur og var mikill lögspekingur í Noregi. Unnu þeir saman að lögum sem svipaði mjög til Gulafingslaganna norsku. Talið er að Úlfljótur hafi komið aftur til Íslands árið 927 með fullbúin fyrstu lög landsins sem yfirleitt eru kölluð Úlfljótslög.

Ari fróði skrifar um þetta í Íslendingabók:

En þá er Ísland var víða byggt orðið, þá hafði maður austrænn fyrst lög út hingað úr Noregi, sá er Úlfljótur hét en þau voru flest sett að því sem þá voru Gulafingslög eða ráð Þorleifs hins spaka Hörða-Kárasonar voru til, hvar við skyldi auka eða af nema eða annan veg setja.⁵

Því miður hafa Úlfljótslög ekki varðveist en þau hefðu brugðið mikilli birtu yfir elstu sögu Íslendinga og sýnt hvernig þjóðfélagsskipunin var á þessum tíma en löggin voru aldrei rituð upp heldur geymdust á vörum lögsögumanna.

Fóstbróðir Úlfljóts, Grímur geitskór, er sagður hafa farið um landið endilangt að leita lögunum og stjórnskipaninni stuðnings og einnig að leita að hentugum stað fyrir þinghaldið. Úlfljótur er yfirleitt nefndur fyrsti lögsögumaður landsins þó svo hann hafi ekki verið kjörinn lögsögumaður við stofnun Alþingis árið 930. Talið er að hann hafi annaðhvort ekki viljað vera kjörinn í embætti eða verið látinn á þeim tíma. Fyrsti kjörni lögsögumaður landsins var því Hrafn Hængsson.⁶

Alþingi var stofnað á Þingvöllum árið 930 og var þá lagður grundvöllur að allsherjarríki á Íslandi sem nefnt er þjóðveldi. Alþingi á þessum tíma var allsherjarþing þjóðarinnar en þar komu saman æðstu höfðingjar og goðar til að vinna löggjafarstörf og kveða upp dóma. Öllum var þó frjálst að koma á Þingvelli við Öxará. þ.e.a.s. ef þeir voru frjálsir ferða sinna en oft var ansi fjölmennt á Alþingi. Erindrekar konunga, málsaðilar, kaupmenn, iðnaðarmenn, sagnamenn og ferðalangar voru meðal þeirra sem lögðu leið sína á Þingvelli enda kunnu þeir frá mörgu að segja. Þessa 14 daga sem Alþingi stóð yfir mætti eiginlega segja að dagur yrði

⁵ Íslendingabók, II. kafli. Íslensk fornrit I, bls. 6-7.

⁶ Bogi. Th. Melsteð. 1916, bls. 89.

að nótt og nótt yrði að degi því ýmis af aðalstörfum þingsins voru unnin á nóttunni, t.d. málalíbúnaður og dómur.⁷ Æskulýðurinn þreytti glímur og knattleika, skáld og sögumenn komu til að skemmta ásamt leikurum sem mættu og svo voru þarna glæsilegar hefðarmeyjar til að sýna sig og sjá aðra. Eitthvað sem við mundum kalla í dag þjóðhátíðarstemningu.

Í Noregi voru allsherjarþing frjálsra manna. Íslendingar völdu þingi sínu heitið Alþingi þótt það væri ekki allsherjarþing í þeirri fornu merkingu að allir frjálsir menn tækju þátt í þingstörfunum, enda var það ekki hægt vegna þess hve langt var á milli bæja og sveita. Eins og fyrr segir þá urðu Þingvellir fyrir valinu sem þingstaður Íslendinga og þar kom Alþingi saman til ársins 1798. Farið var í miklar framkvæmdir á Þingvöllum en Öxará var þá veitt um þingstaðinn. Tilgangurinn með þessu var að afla þingheimi vatns, þannig að það mætti segja sem svo að þetta hafi verið fyrsta vatnsveituf framkvæmd á Íslandi svo vitað sé.

Lögrétta var æðsta stofnun Alþingis til forna, háð undir beru lofti, skipuð 39 goðum auk 9 uppbótagoða. Alls 48 goðum og lögsögumanni. Lögrétta var líklega setin á völlum fyrir framan Lögberg. Mönnum utan Lögréttu var þó ekki alveg bannað að hreyfa við málum sem vörðuðu heill almennings eða hag einstaklingsins í sérstökum tilfellum og gat það oft verið til að ýta undir löggjafarvaldið eða til að knýja fram nýja löggjöf og má því segja að hin forna íslenska löggjöf hafi verið árangur af samvinnu þings og þjóðar.⁸

Æðsti maður þingsins var hinn svokallaði lögsögumaður en þar átti hann ákveðið sæti, hann var eini embættismaður þjóðveldisins og var kjörinn til þriggja ára í senn og því var hægt að grípa í taumana ef hann gerðist of einráður eða of ágengur. Lögsögumaðurinn var yfirleitt af vitrustu og lögfróðustu ættunum og gat haft töluverð áhrif bæði utan þings og innan þess. Skafti Þóroddson hafði lögsögn í 27 sumur frá árinu 1004 til 1030 en á hans dögum urðu margir höfðingjar sekir eða flúðu land fyrir víg og barsmíðar vegna hans landsstjórnar.⁹

Þinghaldið var á Lögbergi en þar voru fluttar ræður í mikilvægum málum og þaðan flutti lögsögumaðurinn lög landsins upphátt svo allir heyrðu. Þingsetning og þinglausnir fóru einnig fram á Lögbergi. Talið er að Lögberg hafi verið á eystri bakka Almannagjár inn af Hamraskarði.¹⁰

⁷ Jón J. Aðils. 1948, bls. 35.

⁸ Jón J. Aðils. 1948, bls. 30.

⁹ Jón J. Aðils. 1948, bls. 27.

¹⁰ Einar Laxness. 1986, bls. 7.

Um val á þingstað segir Ari fróði:

En svo er sagt að Grímur geitaskör væri fóstbróðir hans sá er kannaði Ísland allt að ráði hans, aður en alþingi væri átt. En honum fékk hver maður pening til á landi hér, en hann gaf það fé til hofa.¹¹

Ari bætir síðan við:


En maður hafði sekur orðið of þræls morð eða leysings, sá er land átti í Bláskógum, Hann er nefndur Þórir kroppinskeggi, en dóttursonur hans er kallaður Þorvaldur kroppinskeggi, sá er fór síðan í Austfjörðu og brenndi þar inni Gunnar, bróður sinn. Svo sagði Hallur Órækjason. En sá hét Kolar, er myrtur var. Við hann er kennd gjá sú er þar er kölluð Kolsgjá, sem hræin fundust. Land það varð síðan allsherjarfé, en það lögðu landsmenn til alþingis neyslu. Af því er þar almenning að víða til alþingis í skógum og á heiðum hagi til hrossahafnar. Það sagði Úlfhéðinn oss.¹²

Fyrri frásögn Ara hafa menn skilið svo að könnunarferð Gríms hafi verið farin til að leita að hentugum þingstað og kanna undirtektir að hugmyndinni um stofnun Alþingis. Í síðari frásögn Ara er sagt að landið (Þingvellir) hafi verið gert upptækt í refsingarskyni og varð því það land allsherjarfé. Landið hafi síðar orðið almenningur handa þeim er þingið sóttu til töku eldiviðar og hagagöngu hrossa. Þingstaðurinn var mjög vel valinn því hann var í grennd við fjölbyggðustu sveitirnar og lá mjög vel við samgöngum þeirra tíma. Þingstaðurinn var einnig í útjaðri landnáms Ingólfs eða nærri valdamiðstöð þeirra sem virðast hafa átt mestan þátt í að koma Alþingi á fót.¹³

¹¹ Íslendingabók, II kafli. Íslensk fornrit I, bls. 7.

¹² Íslendingabók, III kafli. Íslensk fornrit I, bls. 8-9.

¹³ Jón Jóhannesson. Íslendinga saga I, bls. 59-62.



Uppdráttur af Þingvöllum eins og ætla má að þeir hafi verið á þjóðveldisöld. (Mynd 1)¹⁴

Það sem einna mest einkenndi þingvelli í fornöld og gaf staðnum alveg sérstakan blæ voru hinar mörgu og miklu búðir höfðingja og þingmanna sem lágu meðfram ánni beggja vegna í þéttri röð með mjóum sundum á milli. Helstu búðirnar á þingi fylgdu goðorðunum og ættum mann fram af manni og drógu þær yfirleitt nafn af því og eru þannig í Íslendingasögunum nefndar Mosfellingabúð, Ölvesingabúð, Vatnsfirðingabúð, Möðruvellingabúð, Ljósvetningabúð, Öxfirðingabúð, Allsherjarbúð og margar fleiri.

Auk sjálfra þingmannabúðanna voru á Þingvöllum aðrar smærri búðir sem reistar voru af iðnaðarmönnum og öðrum sem voru að leita sér að atvinnu. Í fornritum er einnig getið um sútarabúðir, sverðskriðabúðir, ölbúðir, trúða og göngumannabúðir.¹⁵

¹⁴ Jakob Benediktsson. 1974, bls. 179.

¹⁵ Jón J. Aðils. 1948, bls. 33.

Goðar, þingmenn og goðorð

Valdamestu menn þjóðveldisins nefndust goðar en þeir höfðu í sínum höndum bæði löggjafarvald og dómvald og skipuðu menn í Lögréttu og nefndu menn í dóma á öllum þingum eins og segir hér á undan. Lítið er til af heimildum um goðavaldið en margir fræðimenn halda því fram að goðavaldið hafi átt uppruna sinn í eignarhaldi á hofum en talið er að goðar hafi staðið fyrir blótum. Annarri kenningu hefur einnig verið kastað fram um goðavaldið en hún er sú að valdið hafi átt rætur sínar að rekja til ættgöfgi höfðingja og fylgdarliðs þeirra.¹⁶ Fyrri kenningin hefur þó átt meira upp á pallborðið og hefur oft verið vitnað í kafla úr fornritum sem er um Úlfhljótslög og segir:

Þá var landinu skipt í fjórðunga og skyldu vera þrjú þing í fjórðungi en þrjú höfuðhof í þingsókn hverri; þar voru menn til valdir til að geyma hofanna að viti og réttlæti; þeir skyldu nefna dóma á þingum og stýra sakferli; því voru þeir guðar (goðar) kallaðir. Hver maður skyldi gefa toll til hofs, sem nú til kirkju tíund.¹⁷

Mikið hefur verið skrifað um þennan kafla en heimildagildi hans er ekki talið mjög traust. Í fyrsta lagi er kaflinn ekki rakinn lengra aftur en til Styrmissbókar Landnámu án þess þó að vitað sé hvaða heimildir Styrmir hafði um kaflann. Í öðru lagi stangast skipting landsins í fjórðunga á við frásögn Íslendingabókar en Íslendingabók segir að skipting landsins í fjórðunga hafi orðið við stofnun Alþingis. Í þriðja lagi tók kirkjutíund ekki við af hoftollum og í raun eru engar heimildir til um neina hoftolla. Því hefur meðal annars verið haldið fram að kaflinn sé tilbúningur fræðimanna í kringum aldamótin 1200. Merking orðsins hof og hlutverka hofa í heiðnum sið er talið hafa verið samkomuhús þar sem menn komu saman til að blóta og halda blótveislur.¹⁸

Við stofnun Alþingis þykir sennilegt að landinu hafi verið skipt upp í 36 goðorð eða þrennar tylftir en talan er ekki tilviljun því víða um Norðurlönd var dómsskipan reist á tylftum og margfeldum þeirra. Með þessum fjölda goðorða hefur verið hægt að tryggja völd stærstu höfðingjaætta landsins ásamt því að gefa hæfilegum hóp annarra stærri bænda þátttöku í stjórn goðorða. Auk þess er sennilegt að goðorðsmenn hafi verið fleiri frá upphafi því fleiri en einn gátu átt goðorð saman þó svo aðeins einn hafi farið með goðavald á hverjum tíma. Ekki

¹⁶ Jakob Benediktsson. 1974, bls. 172-173.

¹⁷ Sigurður Línadal. 1995, bls. 21.

¹⁸ Jakob Benediktsson. 1974, bls. 172.

er vitað nákvæmlega hvernig goðar voru valdir en ljóst er að goðorð héldust innan ætta sem hafa verið raktar aftur til helstu landnámsmanna Íslands og landnámsmanna annarra landa.

Veldi og áhrif goðanna voru reist á mannaforráðum en samkvæmt Grágásarlögum voru goðorðin ekki landfræðilega afmörkuð heldur áttu bændur og landeigendur að skrá sig á þing með einhverjum goða. Bóndi af Suðurlandi gat því skráð sig á þing með goða frá Austurlandi. Óvíst er þó hvort mikið hafi verið um það að þingmenn væru ekki úr sama héraði og goðinn en þó eru til þess dæmi. Reglan hlaut að vera sú að þingmenn hafi búið í grennd við goðann sjálfan. Landinu var síðan seinna skipt í fjórðunga en þá gat goði ekki átt þingmenn frá öðrum landsfjórðungi. Þingmanni var einnig heimilt að segja sig frá goða og fara á þing fyrir annan goða. Goðinn var forsvarsmáður þingmanna sinna og hans verk var að halda uppi einhverskonar lögreglustjórn í sínu héraði ásamt því að veita þingmönnum sínum að málum þingmanna annarra goða og taka jafnvel að sér málflytning þeirra á þingum.¹⁹ Þingmenn áttu að veita goða sínum fylgd á þingum og í vígaferlum. Svipta mátti mátti goða embætti sínu vegna vissra yfirsjóna eða misgjörða en ekki eru til heimildir um að þessu ákvæði hafi verið beitt. Í tíundarlögum er sagt að „veldi er það en eigi fé“. Þá er verið að lýsa því að goðorðið sé persónuleg eign en verði ekki talið til fjár. Goðorðin gátu verið seld áfram eða gefin til annars manns en oftast gengu þau í erfðir. Þingmenn voru eins og áður segir bændur og landeigendur og heimilisfólki þeirra var skylt að vera á sama þingi. Allir þingmenn voru skyldugir að koma á vorþing en einungis þeir bændur sem áttu eitt kúgildi, skip eða net fyrir hvern mann sem hann hafði á framfæri héldu til Alþingis. Einyrkjar þurftu að eiga tvö kúgildi fyrir hvert skuldahjú. Bændur réðu sjálfir hverjir riðu til Alþingis en goði gat krafist níunda hvern bónda þingreiðar. Þeir sem fóru til þings lögðu sjálfum sér til hesta og nesti en goða var skylt að gjalda þeim þingfararkaup. Þingfararkaupsbændur sem sátu heima áttu einnig að greiða þingfararkaup en það kaup var samningsatriði milli goða og bænda. Goðarnir hafa því tekið við greiðslu þingfarakaups þeirra sem heima sátu og einnig greitt þeim sem fóru.

Embættisskyldur goða voru því aðallega störf þeirra á þingum. Þeir sátu á miðpalli á Lögréttu á Alþingi og nefndu dóma og kvöddu tylftarkviði. Á vorþingum nefndu þeir dóma. Goðar höfðu einnig afskipti af málum í þeirra heimahéraði en þau voru hinsvegar ekki lögbundin þar eins og á þingum.²⁰

¹⁹ Bogi Th. Melsteð. 1916, bls. 98.

²⁰ Jakob Benediktsson. 1974, bls. 174-175.

Löggjafarvaldið og lögsögumaður

Alþingi kom saman þegar níu vikur af sumri voru liðnar og þá á fimmtudegi eða svo segir Ari fróði. Tímatal landnámsmanna var þó mjög ónákvæmt en á þessum tíma var því haldið fram að öll ár hefðu 364 daga eða 52 vikur sem er í raun einum og 1/4 úr degi of stutt og því var leitt í lög svokallaður sumarauki en þá var bætt við viku við sumarið sjöunda hvert ár. Það var Þorsteinn surtur Hallsteinsson sem kom með tillögu þess efnis, líklega vegna þess að mikil skekkja hefur verið komin á tímatalið en sumaraukinn var settur á tímabilinu 950-969 á lögsögumannsárum Þórarins Ragabróður. Árið 998 var samkomudegi Alþingis breytt en þá var hann settur í tíundu viku sumars og enn varð fimmtudagur fyrir valinu en svoleiðis hélst það út alla þjóðveldisöldina. Eftir kristnitöku var síðan allt tímatal á Íslandi samræmt tímatali kirkjunnar og varð samkomudagur Alþingis þá einhverstaðar á bilinu 28. júní til 4. júlí samkvæmt nútíma tímatali.

Meðan þing stóð yfir höfðust þingmenn við í svokölluðum búðum sem voru hlaðnar úr torfi og grjóti en tjaldað var yfir hverja búð fyrir sig með vaðmálum. Hver goði var skyldur til að sjá sínum þingmönnum fyrir búðarrúmi. Veitingamenn og handverksmenn eru einnig taldir hafa verið með sínar búðir á Alþingi og líklega hafa sumir búið um sig í tjöldum einum saman.

Verksvið Alþingis var tvíþætt, löggjafarvald og dómsvald en það tíðkaðist ekki í nágrannlöndum Íslendinga. Löggjöfin var í höndum Lögréttu²¹ sem var upphaflega skipuð goðunum 36 ásamt einum lögsögumanni. Þegar tíminn leið breyttist skipan Lögréttu eftir að goðunum fjölgaði í 39 og þá voru 9 menn skipaðir í Lögréttu til viðbótar til að veða upp á móti goðunum sem Norðlendingafjórðungur hafði umfram aðra fjórðunga. Þessir 48 menn voru þá kjarni Lögréttu en þessir 48 menn máttu taka með sér 2 menn til umráða og gátu skipað þeim á pallana í Lögréttu. Áttu þannig 144 menn sæti í Lögréttu.²² Lögrétta var háð undir berum himni og sátu lögréttumenn í hring eða ferhyrning á þremur pöllum. Á miðpalli sátu goðar og lögsögumaður en tveir þingmenn hvers goða á hinum pöllum. Sátu þeir því í beinni línu og til að útskýra það nánar þá snéri goðinn baki sínu á aftasta bekkinn þar sem A þingmaður hans sat og fyrir framan hann sat þá B þingmaður hans. Hlutverk Lögréttu var að skýra lög og skera úr um hvað væri lög ef menn greindi á og einnig að semja ný lög ásamt því

²¹ Sigurður Nordal. 1942, bls. 125.


²² Jón J. Aðils. 1948, bls. 28.

að breyta lögum og lagaákvæðum. Miðpallurinn var einn með atkvæðisrétt en ef atkvæði féllu jöfn þá var það lögsögumaðurinn sem hafi úrslitavaldið en meirihluti atkvæða réði að sjálfsögðu úrslitum. Skytt var fyrir þá sem sátu á miðpallinum að greiða atkvæði, ef einhver neitaði að greiða atkvæði varð hann fjörbaugsmaður en fjörbaugsmaður²³ er sá sem hefur verið dæmdur til fara úr landi í heil þrjú ár. Lögrétta gat einnig veitt undanþágur frá lögum en til þess þurfti miðpallurinn að vera fullskipaður en var þá nóg að umráðamaður goða sæti þar í hans stað en allir á pallinum þurftu að samþykkja undanþáguna. Þingmenn gátu beitt neitunarvaldi í þessum tilvikum til að verjast órétti og gat Lögrétta því ekki gengið á rétt einstaklinga með undanþágum.

Lögsögumaður Lögréttu var kosinn til þriggja ára í senn en hann var í raun eini embættismaður þjóðarinnar. Hvergi er talað um að nauðsynlegt hafi verið að lögsögumaður hafi þurft að vera goði þó svo goði hafi nú oftast verið í því hlutverki en þá hefur hann væntanlega þurft að fela öðrum meðferð goðorðs síns á meðan. Það var hans að geyma lög in minni sér og flytja upphátt á Alþingi. Það var einnig hans verk að þylja upp starfsreglur (þingsköp) Alþingis á hverju ári. Hann var skyldugur að svara spurningum um lög um ákveðið efni en einnig mátti hann ráðfæra sig við lögfróða menn áður en hann kvað upp sín lög. Lögrétta fylgdist svo með uppsögn laganna. Lögsögumaður var því nokkurskonar forseti Alþingis og stjórnaði þingstörfum og var fundarstjóri. Hann átti sérstakt sæti og sérstakt rúm en að þingi loknu var hann formlega valdalaus, hann þáði laun en þau voru í þá daga tvö hundruð vaðmála árlega, vaðmál voru gjaldmiðill þessa tíma. Lögrétta fékk eftir kristnitöku fé af hinum ýmsu leyfum sem fólk sótti um, svo sem eins og hjúskaparleyfi og kallaðist það að greiða lögréttufé og fékk lögsögumaðurinn borgað af lögréttufé. Lögsögumaðurinn fékk einnig nokkurn hluta af sakareyri en það er það fé sem þurfti að borga til konungs fyrir hinar ýmsu sektir, svo sem þjófnaði eða eitthvað því um líkt. Lögsögumenn mátti endurkjósa og var það margoft gert en Ari fróði telur upp aðeins fjóra lögsögumenn frá árunum 930 til ársins 1001.

²³ Mörður Árnason. 2010, bls. 234.

Stjórnskipan goðaveldisins



Stjórnskipan Goðaveldisins. (Mynd 2)²⁴

²⁴ Björn Þorsteinsson, Bergsteinn Jónsson. 1991, bls. 38.

Alþingi og dómsvaldið

Annað af aðalstörfum þingsins, dómastarfið, komst eftir 965 í hendur sérstakra dómstóla vegna mikilla deilna milli höfðingja í Dölum og Borgarfirði en í þeim deilum var Þorkell Blund-Ketilsson brenndur inni af Hænsna Þóri. Þá voru í gildi reglur um að vígsakir skyldi sækja á því þingi sem næst var vettvangi glæpsins. Borgfirðingar voru varnaraðilar í málinu og gátu beitt liðsafla enda hófust átök sem urðu til þess að þingið var ekki háð. Deilurnar voru teknar fyrir á Alþingi en þá var enn barist. Málinu lauk með sekt og drápi Hænsna Þóris. Þetta varð svo til þess að Þórður Gellir sem var forstöðumaður sækjanda í málinu sagði frá því á Lögbergi að það væri mjög erfitt að fara í ókunn þing að sækja mál og vildi að þessu yrði breytt. Þá var samþykkt að landinu yrði skipt í fjórðunga, þannig að í hverjum fjórðungi væru þrjú þing og áttu þingnautarnir þá sína saksókn saman. En í Norðlendingafjórðungi voru fjögur þing en Norðlendingar urðu ekki á annað sáttir.²⁵



Vorþingin þrettán. (Mynd 3)²⁶

Vorþing voru miðstöðvar héraðsstjórnar og var hvert þeirra fulltrúaðing þriggja goðorða. Þau höfðu sjálfstætt vald í öllum innanhéraðsmálum en þau stóðu þó í beinu sambandi við Alþingi á tvönnan hátt. Goðarnir sem stýrðu héraðsþingunum áttu sæti í Lögréttu og tóku þannig þátt í allsherjarlöggjöfni og dómum héraðsþinganna mátti áfrýja til Alþingis. Vorþingin skiptust í

²⁵ Jakob Benediktsson. 1974, bls. 178.

²⁶ Gunnar Karlsson. 2000, bls. 25.

sóknar og skuldaþing. Sóknarþingið var aðalþingið og þar voru tekin fyrir öll mál í þingsókninni, dómar voru dæmdir og samþykktir gerðar. Skuldaþingið var síðan haldið eftir að sóknarþinginu lauk en á skuldaþinginu var gert út um skuldir²⁷. Vorþingin þrettán hétu Kjalarnesþing, Árnesþing og Rangárþing í Sunnlendingafjórðungi; Þverárþing, Þórsnesþing og Þorskafjarðarþing í Vestfirðingafjórðungi; Húnavatnsþing, Hegranesþing, Vaðlaþing og Þingeyjarþing í Norðlendingafjórðungi; Sunnudalsþing, Múlaþing og Skaftafellsþing í Austfirðingafjórðungi.²⁸

Fjórðungsþing og fjórðungamörk voru einnig ákveðin eftir þingskipun Þórðar Gellis. Fjórðungamörkin voru við Hrútafjarðará, Hvítá í Borgarfirði, Helkunduheiði á Langanesi og við Jökulsá á Sólheimasandi. Allir staðirnir áttu það sameiginlegt að vera landfræðilega vel þekktir staðir. Fjórðungsþing voru dómsþing en þau virðast aldrei hafa verið haldin reglulega og hafa væntanlega lagst af löngu fyrir lok þjóðveldisaldarinnar. Getið er um fjórðungsþingstaði. Vestfirðingar héldu sín þing í Þórsnesi, Sunnlendingar undir Ármannsfelli, Austfirðingar í Lóni. Hvergi er þó sagt hvar Norðlendingar héldu sín fjórðungsþing en það er haldið að það hafi verið á vorþingsstað þeirra í Hegranesi.²⁹

Heimilt var að stefna málum sínum beint í fjórðungsdóm en algengast mun þó hafa verið að láta þau fyrst koma til vorþings en síðan áfrýja til Alþingis ef málunum lauk ekki heima í héraði.³⁰

Dómstóll á Alþingi hefur án efa starfað áður en landinu var skipt upp í fjórðunga en þó er nánast ekkert vitað um skipan hans. Það er þó talið líklegt að hann hafi verið nefndardómur. Hver goði tilnefndi þá einn mann til að sitja í dóminum þannig að í honum sætu þrjár tylftir manna. Í Grágás er talað um að haldnir séu fjórir fjórðungsdómafundir og er þá hver fundur fyrir hvern fjórðung.

Í Grágás er að finna flóknar reglur um málflutning fyrir dómum og væru þær reglur³¹ brotnar væri málið nánast ónýtt. Helsta sönnunargagnið fyrir dómum var *búakviður*. Búakviður var þannig að sækjandi í málinu gat skipað bændum í kviðinn af bæjum í kring um vettvanginn, níu bæjum í stórum málum en fimm í minni málum. Verjandi gat beðið um bjargskvið og í nokkrum stórmálum gat goði verjanda hvatt í tólf manna kvið, goðakvið og tylftarkvið, og var

²⁷ Jón J. Aðils. 1948, bls. 43.

²⁸ Jón J. Aðils. 1948, bls. 36.

²⁹ Sigurður Nordal. 1942, bls. 126.

³⁰ Jón J. Aðils. 1948, bls. 31.

³¹ Sigurður Línadal. 1995, bls. 35.

þá goðinn sjálfur einn kviðmanna. Þessir kviðir báru ekki vitni um staðreyndir heldur lýstu því yfir hvort þeir trúðu því að sakborningur hefði á réttu eða röngu að standa. Meirihluti atkvæða réð þá sök eða sekt. Atkvæði goða réð úrslitum ef atkvæði á sök eða sekt urðu jöfn. Annað helsta sönnunargagnið fyrir dómi var *vætti* en þar var enginn kviður heldur voru vottar sem báru vitni í málinu. Málið var síðan sótt og varið og að því loknu var kveðinn upp dómur af dómendum og var þá yfirleitt stuðst við lög og reglur um það hversu há sekt ætti að vera og hvernig átti að framfylgja dómnum. Allir dómendur þurftu að vera á einu máli um hinn endanlega dóm því annars fékkst ekki niðurstaða.³²

Fimmtardómur³³ var stofnaður á árunum 1004 til ársins 1030 á lögsögumannsárum Skafta Þóroddssonar en ekki er hægt að tímasetja þann atburð nánar vegna þess að ekki er hægt að taka mark á frásögn Njálu um það efni. Í Grágás er sagt að dómendur hafi verið skipaðir í fimmtardóm á sama tíma og sama hátt og dómendur í fjórðungsdóma. Hin fornu 36 goðorð skyldu nefna einn mann hvern en nýju goðorðin þrjú frá Norðlendingafjórðungi fengu að nefna tylft manna. Fimmtardómur var því skipaður 48 mönnum. Sækjandi og verjandi máttu hvor um sig ryðja sex mönnum úr dómnum þannig að aðeins 36 menn urðu dómendur og dæmdu. Ef verjandinn vildi ekki ryðja mönnum úr dómnum þá ætti sækjandinn að ryðja öllum 12 úr dómnum. Ef hann gerði það ekki væri mál hans ónýtt fyrir dómstólum. Fimmtardómur gegndi tvennu hlutverki, hann var einskonar áfrýjunardómstóll og svo varð hann æðsti dómstóll landsins og úrslitadómstóll.

³² Sigurður Línadal. 1995, bls. 35.

³³ Bogi Th. Melsteð. 1916, bls. 177. Jakob Benediktsson. 1974, bls. 181.

Refsingar

Þótt landslög væru sett breyttist skapferli manna ekki neitt. Ofsi og ranglæti milli manna var hið sama eftir sem áður. Lífi manna og limum var því oft hætta búin. Hið nýja þjóðfélag tók ekki að sér að vernda líf manna og eignir.³⁴ Menn urðu því að gera það sjálfir og af þeim sökum fékk ætterni og frændsemi svo mikla þýðingu á Íslandi eins og það gerði einnig í Noregi. Við frændsemi voru bundin ýmis réttindi að lögum og því var nauðsynlegt fyrir hvern og einn að þekkja nákvæmlega ættir sínar og vita hvaða frændur hann ætti á lífi að minnsta kosti í fimmta lið. Að vera ættborinn var því í raun það sama og að vera frjáls. Ef menn áttu enga ættmenn urðu þeir að biðja sér liðveislu og kaupa hana en það var oft erfitt fyrir fátækan mann og ættlausan að fá hjálp. Þýðingarmesta vörn ættarinnar var mannhefndin. Það var því talin ein helsta skylda að hefna vegins frænda, að drepa vegandann sjálfan eða einhvern mjög nákominn honum, og það gerði ekkert til þótt frændi vegandans hefði ekkert gert af sér. Það má því segja að öll ættin hafi verið sek ef einn úr henni gerðist sekur um eitthvað. Mannhefndir voru því löglegar í hinu nýja þjóðfélagi á Íslandi og í raun taldar skylduverk.³⁵

Baugatal Grágásar geymir fornar reglur um vígsbætur sem ættingjar vegandans áttu annaðhvort að greiða eða þiggja. Bæturnar voru ákveðnar af nákvæmni milli ætliða allt að fimmmeningsskyldleika og má af því lesa að ættin frekar en einstaklingurinn var talin saklaus eða sek. Baugatal hefur væntanlega orðið óhentugt þegar fram í sótti og ættir landnámsmanna blönduðust.

Refsingar voru ekki ákveðnar af dómendum heldur voru þær ákvarðaðar af lögum. Refsingar voru yfirleitt á þrennan hátt: Bætur og fjársektir(útleið), þriggja ára brottrekstur úr landi (fjörbaugsgarður) og skóggangur. Fjörbaugsgarður og skóggangur var flokkaður sem sekt. Skógarmenn voru óalandi, óferjandi og rétttræpir hvar sem til þeirra náðist og var þeim nánast útskúfað úr þjóðfélaginu (dauðadómur). Fjörbaugsgarður var þá mun vægari refsing en skóggangur. Með bæði skóggangi og fjörbaugsgarði fylgdi upptaka eigna með svo kölluðum feralsdómi en framkvæmd þessa dóms var þannig að dómhafinn kvaddi goða þess seka til að nefna tólf menn í feralsdóm sem ættu að fara á heimili hins seka.

Í þjóðveldislögunum voru engin ákvæði um dauðarefsingu eða aðrar líkamsrefsingar þó svo það sé talið fullvíst að þjófar og fjölkynngismenn á þjóðveldisöld hafi verið teknir af lífi og

³⁴ Sigurður Línadal. 1995 , bls. 19. Jakob Benediktsson. 1974, bls. 178.

³⁵ Bogi Th. Melsteð. 1916, bls. 113-116.

hefur það gerst án dóms og laga. Líklega hefur íslenskum löggjöfum ekki þótt sæma að beita slíkum refsingum við frjálshorna menn en lögin tóku hart á líkamsmeiðingum, jafnvel þótt þær væru afskaplega lítilfjörlegar.

Gamli sáttmáli

Síðasta tímabilið í sögu íslenska þjóðveldisins er oftast kallað Sturlungaöldin en hún er sögð hafa varið frá því um 1220 til ársins 1264. Um aldamótin 1200 fer hin forna stjórnskipun Íslendinga að fara verulega úr skorðum og má segja að grunnurinn af því hafi verið sá að goðarnir gátu afhent veldi sitt til annarra manna eftir því sem þeir vildu. Goðarnir máttu gefa eða selja embætti sín og gátu fengið þau að erfð. Framan af var þetta fyrirkomulag ekki til vandræða en svo fór að bera á því í lok 12 aldarinnar að ríkir og metorðagjarnir menn fóru að komast yfir fleiri en eitt goðorð og tókst þeim það mjög vel og því voru mikil yfirráð komin í fárra manna hendur.³⁶ Allskonar deilur og ósætti manna á milli er hægt að nefna til sögunnar sem áttu sér stað á þessu tímabili og má þar nefna Örlygsstaðabardaga. En það er frægur bardagi sem átti sér stað vorið 1238 þegar þeir Sturla Sighvatsson og faðir hans Sighvatur börðust við Gissur Þorvaldsson og Kolbein unga sem var höfðingi Ásbirninga. Sturla og faðir hans biðu algjöran ósigur í bardaganum sem var háður vegna þess að Sturla var að vinna land undir konung.³⁷

Hákon gamli Noregskonungur sem ríkti í Noregi á árunum 1217 til 1263 byrjaði í kringum árið 1235 að ná til sín goðorðum með því að kyrrsetja menn í Noregi og vildi hann þröngva Íslendingum undir vald sitt og sendi menn sína til Íslands til að tala máli sínu. Nægir helst að nefna Sturlu Sighvatsson en hann kom hingað til lands til að vinna landið undir konung. En þá kviknaði mikið ófriðarbál hér á landi. Það er nokkuð ljóst að enginn Íslendingur hefði getað einn síns liðs getað lagt undir sig landið og haldið völdum til lengdar og því var allt annað að vinna land í umboði konungs. Sá sem hafði konung sem bakhjarl get fengið af honum veldi og tign sem gerði honum kleift að vinna landið undir sig og verða þar með æðsti maður í umboði konungs. Gissur Þorvaldsson kom hingað til lands árið 1258 með jarlstign frá konungi og er sagt að hann hafi laðað að sér höfðingja með því að veita þeim alls kyns nafnbætur og titla.³⁸

Til eru sögur af því frá 1258 að Gissur jarl hafi fengið bændur í landinu til að sverja konungi hollustu gegn því að segjast ætla að koma á friði í landinu en bændur komust síðan að því

³⁶ Bogi Th. Melsteð. 1916, bls. 185.

³⁷ Gunnar Karlsson. 1975, bls. 40.

³⁸ Gunnar Karlsson. 1975, bls. 49.

seinna að Gissur var ekki að flytja þeim orð konungs en þessu er lýst í heimildum frá því snemma á 14. öld.³⁹

Á Alþingi sumarið 1262 gerðu Íslendingar eða öllu heldur Norðlendingar og Sunnlendingar og Hákon Noregskonungur með sér samkomulag og er sá sáttmáli kallaður Gissurarsáttmáli. Í sáttmálanum sóru bændur konungi land og þegna, auk skatts. Menn í Borgarfirði og af Vestfjörðum sóru svo þennan sama eið að þingi loknu sama ár. Það voru þeir Hallvarður gullskór og Gissur jarl, sendimenn konungs, sem fengu bændur til að undirrita þennan sáttmála.⁴⁰

Gamli sáttmáli er nafn sem er almennt notað yfir hóp skjala sem fræðimenn telja að segi frá samkomulagi sem var gert á milli Íslendinga úr öllum fjórðungum landsins og Noregskonungs á árunum 1262-1264. Konungur Noregs varð því konungur Íslendinga og Íslendingar borguðu skatt til Noregskonungs. Noregskonungur lét í staðinn sigla til Íslands með nauðsynjavörur, ekki færri en sex siglingar á ári. Gamli sáttmáli var þó ekki undirritaður fyrr en 1264 en þá var Magnús lagabætur orðinn konungur Noregs.⁴¹

Eftirfarandi er skrifað í Gamla sáttmála:

Er sú hin fyrsta grein, at vér viljum gjalda konungi skatt, ok þingfararkaup slíkt sem lögbók váttar, ok alla þegnskyldu, svá framt sem haldin er við oss þau heit, sem í móti skattinum var játað. Utansteftningar viljum vér aungvar hafa, utan þeir menn, sem dæmdir verða af várum mönnum á Alþingi í burt af landinu. Item at íslenzkir sé lögmenn og sýslumenn á landi váru af þeirra ættum, sem at fornu hafa goðorðin upp gefit. Item at sex hafskip gangi á hverju ári til landsins forfallalaust. Erfðir skulu ok upp gefast fyrir íslenzkum mönnum í Noregi, hversu lengi sem staðið hafa, þegar réttir arfar koma til eðr þeirra umboðsmenn. Landaurar skulu upp gefast. Slíkan rétt skulu hafa íslenzkir menn í Noregi sem þeir hafa beztan haft. Item at konungr láti oss ná íslenzkum lögum ok friði eptir því sem lögbók váttar ok hann hefir boðið í sínum bréfum, (sem guð gefr honum framast afl til). Jarl viljum vér hafa yfir oss meðan hann heldr trúnað við yðr, en frið við oss. Halda skulum vér ok vorir arfar allan trúnað við yðr meðan þér ok yðrir arfar halda við oss þessa sættargerð, en lausir, ef rofin verðr af yðvarri hálfu at beztu manna yfirsýn.

Anno M. ijc lxiiij.

Hér eptir er eiðr Íslendinga.

³⁹ Patricia Pires Boulhosa. 2006, bls. 17.

⁴⁰ Patricia Pires Boulhosa. 2006, bls. 12.

⁴¹ Gunnar Karlsson. 1975, bls. 44.

Til þess legg ek hönd á helga bók ok því skýtt ek til guðs at ek sver herra Hákonni konungi ok Magnúsi konungi land ok þegna ok æfinlegan skatt með slíkri skipan ok máldaga sem nú erum vér á sáttir orðnir ok sáttmálsbréf vart vátar. Guð sé mér hollr, ef ek satt segi, gramr ef ek lýg.⁴²

Athugun á Hákonar sögu og Sturlungu sýnir að Íslendingar gengust ekki undir konung í einu lagi eða á einum stað heldur var ferlið margbrotið og flókið. Ljóst þykir að enda þótt sögurnar séu mismunandi þá er loforðið um skatt til konungs meginatriði í þeim öllum.

Skoðanir fræðimanna á þessum sáttmálum, þ.e. Gissurarsáttmála og Gamla sáttmála eru margvíslegar. Þeir Sigurður Línadal og Björn Þorsteinsson segja til dæmis að Gamli sáttmáli sé samheiti yfir ólíka sáttmála sem þeir síðan greina í sundur með ártali. Gamli sáttmáli 1262-1264 og svo Gamli sáttmáli 1302. Jón Sigurðsson var fyrstur manna til að flokka alla þessa gömlu texta en hann gerði það í fyrsta bindi Íslensks fornbréfasafns árið 1857. Jón greindi textana í fjóra hópa en fyrsta hópnum skipti hann í þrjá undirflokka með hliðsjón af þremur gerðum textanna. Fyrsti undirflokkurinn var sáttmálinn frá árinu 1262 milli Hákonar konungs og Íslendinga á Norður og Suðurlandi. Annar undirflokkur er frá árinu 1263 og taldi Jón að sáttmálinn frá árinu á undan hefði þá verið endurnýjaður. Þriðji undirflokkurinn er svo samkomulag sem konungur gerði við Orm Ormsson og Síðumenn árið 1264. Í öðrum hóp textanna færir Jón Sigurðsson rök fyrir því að nýr sáttmáli hafi verið gerður milli Íslendinga og Eiríks konungs árið 1281. Þriðji hópurinn inniheldur samkomulag frá árinu 1302 á milli Íslendinga og Hákonar konungs Magnússonar háleggs. Fjórði hópurinn eru svo textar frá árunum 1319-1329.⁴³

Nýlegar kenningar um Gamla sáttmála eru á þá leið að sáttmálarnir séu tilbúningur frá 15. öld. Patricia Pires Boulhosa færir rök fyrir því í bók sinni *Kings of Norway* frá árinu 2005 að textarnir hafi orðið til og komið fram sem tilraun Íslendinga til að leggja fram gögn sem lýstu því hvernig landsmenn gengu Noregskonungi á hönd eftir miðja 13. öld og auðvelduðu þeim að semja við norska krúnu samtímans.

Gamli sáttmáli var síðan felldur úr gildi á hinum svokallaða Kópavogsfundi árið 1662 þegar Íslendingar viðurkenndu einveldi Danakonungs.

⁴² Patricia Pires Boulhosa. 2006, bls. 102.

⁴³ Patricia Pires Boulhosa. 2006, bls. 30.

Á þessum tíma lét Magnús lagabætur semja handa Íslendingum bók sem kallast Járnsíða og var hún tekin í notkun á árunum 1271-1274.

Járnsíða⁴⁴ var að mestu sótt í norsk lög og þótti efni hennar ekki henta Íslendingum. Á fyrsta árinu var aðeins einn bálkur bókarinnar, þingfararbálkur, lögtekinn auk tveggja kafla úr erfðabálki. Bókin varð þó ekki full samþykkt fyrr en 1273. En það var greinilegt að það var mikil mótstaða við að fá bókina samþykkt og því lét konungur semja aðra bók sem heitir Jónsbók og var hún lögtekin 1281.

Jónsbók⁴⁵ var kennd við lögmanninn Jón Einarsson sem er talinn vera aðalhöfundur hennar. Þeir Jón og Loðinn leppur, sem var norskur hirðmaður og sendimaður Noregskonungs, komu til Íslands árið 1280 með þessa nýju lögbók sem Magnús lagabætur lét gera, en þar sem Magnús lést vorið 1280 voru þeir Jón og Loðinn leppur því í umboði sonar Magnúsar sem hét Eiríkur Magnússon sem þá var konungur Noregs. Á þessum tíma var Eiríkur aðeins 12 ára. Móðir Eiríks og norskir höfðingjar voru þá við stjórn Noregs og var svo fyrstu ár Eiríks sem konungs.

Jónsbók var gagnrýnd eins og fyrirrennari hennar Járnsíða. Þeir Jón og Loðinn leppur fengu að kynna þessa nýju bók um allt land veturinn 1280 en Íslendingum líkaði bókin ekkert mjög vel og þótti fólki konungsvaldið full fyrirferðarmikið og refsingar alltof harðar. Kirkjunni þótti þótti heldur ekki hlutur kirkjunnar nógu góður í þessu nýju lögum. Þegar samþykkt lögbókarinnar var tekin fyrir á Alþingi árið 1281 voru margir á móti henni og fékkst hún ekki samþykkt nema með því að henni yrði breytt að vilja Íslendinga. Loðinn leppur brást mjög hart við þessu og sagði að konungur hefði rétt á að setja hér lög og Alþingi hefði ekkert leyfi til að setja sig á móti vilja konungs. Þingheimur átti að samþykkja bókina og svo væri hægt að ná fram breytingum á bókinni síðar. Alþingi féllst engan veginn á þetta og kváðu Íslendingar „eigi mundu tapa svá frelsi landsins“. Loðinn leppur breytti þá um aðferð og reyndi að sundra Íslendingum með því að gagnrýna íslensku tíundina sem var eignarskattur en það þekktist hvergi annarstaðar að tíundin væri eignaskattur heldur var hann alltaf tekjuskattur.

Þér biskuparnir heimtið tíund af sylgjum ok silfurbeltum, koppum ok kirnum ok öðru dauðu fé, ok undra ek mik, hví landsbýit þolir yðr slíkar óhæfur, ok gerid eigi norræna tíund at eins,

⁴⁴ Hin forna lögbók Íslendinga sem nefnist Járnsíða eðr Hákonarbók. 1847.

http://baekur.is/bok/000200845/Hin_forna_logbok_Islendinga

⁴⁵ Sveinn Skúlason. Lögbók Magnúsar konungs, Lagabætis, handa Íslendingum, eður Jónsbók hin forna. 1858.

<http://www.archive.org/stream/lgbkmagnsarkonu00skgoog#page/n3/mode/2up>

þá sem gengur um allan heiminn ok einsaman er rétt ok lögtekin, er haft eftir Loðni í Árna sögu biskups. Biskup mótmælti þessu og sagði að tíundin ynni engri sálu tjón.⁴⁶

Á endanum náðist þó málamiðlun og Jónsbók var samþykkt með lófataki en nokkrum köflum bókarinnar var ákveðið að vísa aftur til konungs og erkibiskups. Ekki er vitað nákvæmlega um hvaða kafla ræðir en margt fékkst leiðrétt af konungi og erkibiskupi árin á eftir.⁴⁷

Einn bálkur Jónsbókar heitir þjófabálkur og fjallar hann um ýmis auðgunarbrot og refsingar við þeim en þær líkamlegu refsingar sem nú voru heimilaðar með Jónsbók voru dauðarefsing, hýðing, brennimark, limalát og svo var talað um sektir vegna ýmissa smábrotá.

Með lögtöku Járnsíðu og svo Jónsbókar var stjórnskipun þjóðveldisins afnumin og goðorðaskipanin úr sögunni. Framkvæmdavaldið færðist í hendur konungs og hans umboðsmanna, hirðstjóra og sýslumanna. Alþingi hélt áfram störfum á Þingvöllum í breyttri mynd sem oft er kallað lögþing eða Öxarárþing. Aðalstofnun Alþingis var sem fyrr Lögrétta og hafði hún löggjafarvald ásamt konungi, þ.e. lög sem Lögrétta setti urðu að hljóta samþykki konungs en ef konungur hafði frumkvæði að lögum þá varð meirihluti Alþingis að samþykkja lögin. Í stað lögsögumans komu svo tveir lögmenn.⁴⁸

⁴⁶ Magnús Stefánsson. 1975, bls. 62.

⁴⁷ Tímarit.is http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3644687

⁴⁸ Einar Laxness. 1986, bls. 10.

Lokaorð

Margt er áhugavert og heillandi við íslenska þjóðveldið og Alþingi til forna. Mér finnst nokkuð ljóst að þar sem fyrstu lög Alþingis voru sótt í norsku Gulþingslögin þá hafi stjórnskipun landsins fyrst um sinn verið lík því sem var í Noregi. Þegar Ísland byrjaði að byggjast hefur verið orðin mikil stéttaskipting í Noregi og því hafa norskir þegnar flúið frá Noregi í leit að betri stað til að búa á ásamt því að útlagar frá Noregi sóttu hingað til lands.

Eitt það merkasta við Alþingi á þjóðveldisöld þykir mér vera Alþingisstaðurinn sjálfur, Þingvellir. En samkvæmt þeim heimildum sem ég las um þennan merka stað þá hafa Þingvellir greinilega verið miðstöð þjóðlífs Íslendinga á þessum árum ásamt því að klettur, hólar og hæðir ásamt nægu vatni og góðu undirlendi til bústaða hefur væntanlega verið hið fullkomna svæði fyrir fundarhöld og rökræður.

Frá því að Alþingi var sett í fyrsta sinn hafa lögin á Íslandi þróast, en þau voru í fyrstu hvergi skráð nema í huga lögsögumanna. Það er merkileg en að sama skapi slæmt þar sem ekki eru til neinar skriflegar heimildir um þau.

Goðarnir réðu mestu á Alþingi og völd þeirra voru til marks um að á Íslandi þróaðist stéttaskipting með svipuðum hætti og erlendis. Þróunin varð síðan sú að við bættust fjórðungsþing og vorþing og svo varð til fimmtardómur á Alþingi sem líkja má við Hæstarétt nú á dögum.

Ósætti, deilur og bardagar voru kveikjan að því að Noregskonungur náði hér miklum völdum en það var að stórum hluta því um að kenna að goðorðin sem í fyrstu gengu í erfðir söfnuðust á hendur þeirra sem voru auðgastir og valdamestir. Græðgin var því orðin kveikjan að mörgum illdeilum hér á landi fljótlega eftir árið 1200 og í raun mætti segja að hún hafi verið örlagavaldur í því að íslenska þjóðveldið leið hér undir lok á árunum 1262 til 1264. Þá hafði Noregskonungur reynt um langt skeið að ná undir sig Íslandi og vildi hefja hér skattheimtu af þeim sem hér bjuggu. Því fór svo á endanum að sáttmáli milli Noregskonungs og Íslendinga var samþykktur á Alþingi.

Um margt sem hér hefur verið sagt frá er ekki vitað með vissu en bækur eins og Íslendingabók Ara fróða, Íslendingasaga Sturlu Þórðarsonar eru meðal þeirra handrita og bóka sem hafa hjálpað til við að þúsla saman sögu um þá sem byggðu þetta land á fyrstu öldum byggðar í landinu. Grágás er ein þeirra bóka sem Alþingi á þjóðveldisöld lét eftir sig en það er

eitt mesta og merkasta lagasafn germanskra þjóða á miðöldum og hafði hún veruleg áhrif á Jónsbók og enn í dag eru gildandi lög sem rekja má til Grágásar.

Heimildaskrá

- Björn Þorsteinsson. 1966. *Ný Íslandssaga. Þjóðveldisöld*. Reykjavík.
- Björn Þorsteinsson. 1973. *Upphaf íslenska goðaveldisins*. Reykjavík.
- Björn Þorsteinsson, Bergsteinn Jónsson. 1991. *Íslands saga til okkar daga*. Reykjavík.
- Bogi Th. Melsteð. 1916. *Handbók í Íslendinga sögu*. I. bindi. Kaupmannahöfn.
- Bogi Th. Melsteð. 1900, 1901 og 1909. *Þættir úr Íslendinga sögu*. Kaupmannahöfn.
- Einar Olgeirsson. 1954. *Ættasamfélag og ríkisvald í þjóðveldi Íslendinga*. Reykjavík.
- Gunnar Karlsson. 1975. *Frá þjóðveldi til konungsríkis. Saga Íslands II*. Reykjavík.
- Gunnar Karlsson. 2000. *The History of Iceland*. Minneapolis.
- Gunnar Karlsson. 2004. *Goðamening, staða og áhrif goðorðsmanna í þjóðveldi Íslendinga*. Reykjavík.
- Haraldur Matthíasson. 1982. *Landið og landnáma*. I. og II. bindi. Reykjavík.
- Hin forna lögbók Íslendinga sem nefnist Járnsíða eða Hákonarbók*. 1847, http://baekur.is/bok/000200845/Hin_forna_logbok_Islandinga
- Íslendingabók*, II. kafli. Íslensk fornrit I.
- Íslendingabók*, III. kafli. Íslensk fornrit I.
- Jakob Benediktsson. 1975. *Landnám og upphaf allsherjarríkis. Saga Íslands I*. Reykjavík.
- Jón Jóhannesson. 1956-1958. *Íslendinga saga I*. Reykjavík.
- Jón Jónsson Aðils. 1948. *Gullöld Íslendinga*. Reykjavík.
- Jón Viðar Sigurðsson. 1989. *Frá goðorðum til ríkja. Þróun goðavalds á 12. og 13. öld*. Reykjavík.
- Magnús Stefánsson. 1975. *Kirkjuvald eflist. Saga Íslands II*. Reykjavík.
- Mörður Árnason. 2010. *Íslensk Orðabók*. Reykjavík.
- Lúðvík Ingvarsson. 1986. *Goðorð og goðorðsmenn*. I., II. og III. bindi. Egilsstaðir.
- Óskar Guðmundsson. 2004. *Landnámsöldin*. Minnisverð tíðindi 874-1000. Reykjavík.
- Óskar Guðmundsson. 2004. *Öldin ellefta*. Minnisverð tíðindi 1001-1100. Reykjavík.
- Patricia Pires Boulhosa. 2005. *Icelanders and the Kings of Norway*. Leiden-Boston.
- Patricia Pires Boulhosa. 2006. *Gamli sáttmáli. Tilurð og tilgangur*. Reykjavík.
- Sigurður Línal. 1975. *Ísland og umheimurinn. Saga Íslands I*. Reykjavík.
- Sigurður Línal. 1995. *Alþingi á Þjóðveldisöld*. Reykjavík.
- Sigurður Nordal. 1942. *Íslensk menning*. Reykjavík.

Sveinn Skúlason. *Lögbók Magnúsar konungs, Lagabæti, handa Íslendingum, eður Jónsbók hin forna*. 1858.

<http://www.archive.org/stream/lgbkmagnsarkonu00skgoog#page/n3/mode/2up>

Tímarit.is http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3644687